



Ársskýrsla umhverfis- og auðlindaráðherra 2020



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið



Ársskýrsla umhverfis- og auðlindaráðherra

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1 – 101 Reykjavík
Sími: 545 8600 | uar@uar.is

Júní 2021

Ábyrgðarmaður: Sigríður Auður Arnardóttir
Umsjón: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2021 – Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra _____	4	Stofnanir _____	23
Starfsemi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á árinu 2020 _____	7	Rekstur og fjárfestingar _____	28
Fréttaannáll 2020 _____	8	Málefnasvið _____	29
Ráðuneytið _____	10	Útgjöld málefnasviða og málaflokka _____	30
Tölfræði um starfsemi 2020 _____	11	Fjárfesting málaflokka _____	33
Þingmál ráðherra _____	12	Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða _____	34
Helstu verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á árinu 2020 _____	13	Ráðstöfun sjóða og styrkja _____	36
Náttúruvernd _____	14	Ávinningur af ráðstöfun fjármuna _____	43
Efling náttúruverndar _____	15	17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla _____	45
Friðlýsingar _____	15	17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands _____	47
Vöktun og Landsáætlun _____	16	17.30 Meðferð úrgangs _____	49
Hringrásarhagkerfi _____	17	17.40 Varnir gegn náttúruvá _____	50
Innleiðing hringrásarhagkerfis _____	18	17.50 Stjórnsýsla umhverfismála _____	51
Minni matarsóun _____	18	Framvinda í kynja- og jafnréttismálum _____	55
Úr viðjum plastsins _____	19	Uppgjör Covid-viðbragða _____	57
Önnur verkefni _____	19		
Loftslagsmál _____	20		
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum _____	21		
Loftslagslög og efld markmið _____	22		
Loftslagssjóður, aðlögunarstefna og kolefnishlutleysi _____	22		



Ávarp ráðherra

Árið 2020 minnti okkur á mikilvægi heilbrigðra vistkerfa og að fólk hafi aðgang að náttúrunni og heilnæmu umhverfi. Óvísanna annars staðar en á Íslandi eru jafn stór landsvæði lítt snortin af mannanna verkum og það eru verðmæti sem seint verða metin til fjár.

Náttúruvernd

Á árinu 2020 var átaki í friðlýsingum fram haldið, en því var ýtt úr vör árið 2018 og að því hefur verið unnið síðan í samstarfi Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Átta friðlýsingar náðu fram að ganga og má þar nefna friðlýsingu náttúruperla á borð við Geysi, Kerlingarfjöll, Búrfellsgjá og Goðafoss. Þá voru háhitasvæði Gjástykkis og Brennisteinsfjalla friðlýst gegn orkuvinnslu. Unnið er að fjölmörgum friðlýsingum sem vænta má að verði að veruleika á næstu misserum. Með friðlýsingum eru svæði tekin frá fyrir komandi kynslóðir og þeim veitt vernd. Á sama tíma eru friðlýsingar verkfæri til þess að efla landvörslu og innviði svæða, sem stuðla að því að fólk geti heimsótt svæðin án þess að náttúran beri skaða af. Úthlutun fjármuna til verkefna á Landsáætlun um uppbyggingu innviða var haldið áfram á árinu 2020, þriðja árið í röð. Þannig var unnið áfram að stórfelldri uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum.

Einnig var unnið að undirbúningi stofnunar Hálandisþjóðgarðs. Í byrjun árs stóð ráðuneytið fyrir opnum kynningarfundum um land allt, með samtali við íbúa og hagsmunaaðila í námunda við

fyrirhugaðan þjóðgarð og mælti ég fyrir frumvarpi um þjóðgarðinn í desember. Þá var einnig unnið að stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum.

Í byrjun ársins hófst vinna við nýja stefnumótun fyrir líffræðilega fjölbreytni, þegar ég skipaði starfshóp til að vinna stefnumótun og framkvæmdaáætlun í málaflokknum. Núverandi stefna Íslands er frá 2008 og því tímabært að endurskoða hana með tilliti til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á þeim rúma áratug sem liðinn er. Á alþjóðavísu hefur líffræðilegri fjölbreytni hnignað verulega undanfarin ár, sem er afar varhugaverð þróun.

Á árinu var unnið að heildarendurskoðun á löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra og frumvarp þar af lútandi var lagt fram á Alþingi í nóvember.

Loftslagsmál

Ný aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var kynnt í júní með 48 aðgerðum sem stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og aukinni kolefnisbindingu. Áætlunin gerði ráð fyrir meiri samdrætti í losun fram til ársins 2030 en alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á þeim tíma sögðu til um. Frá útgáfu aðgerðaáætlunar hafa loftslagsmarkmið Íslands verið uppfærð en forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, tilkynnti um efdan metnað í loftslagsmálum á leiðtoga fundi Sameinuðu þjóðanna í desember 2020. Nú er stefnt

að 55% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands árið 2030, í stað 40%, í samfloti við Noreg og ESB. Með því raðar Ísland sér í hóp metnaðarfullstu þjóða í loftslagsmálum. Ljóst er að enn mun þurfa að herða róðurinn á komandi árum enda baráttan við loftslagsvána stærsta áskorun samtímans.

Jákvæð þróun varð í orkuskiptum á landinu á árinu. Veittir voru styrkir til orkuskipta í tíu höfnum á landinu í byrjun sumars og til orkuskipta í gistiskálum um mitt árið. Hlutfall innfluttra hrein-orkubifreiða jókst og nýtilkomnir skattaafslættir á rafhjólum og rafhlaupahjólum varð til þess að auka sölu þeirra að sama skapi. Allt eru þetta jákvæð teikn og hluti af því hverfa frá notkun jarðefnaeldsneytis á mismunandi sviðum samfélagsins. Við þurfum að halda áfram á sömu braut og fara helst ennþá hraðar yfir.

Þótt meginverkefnið í loftslagsmálum á alþjóðavísu séu að draga úr losun og stórauka kolefnisbindingu er ljóst að samtímis þarf að undirbúa samfélög um allan heim fyrir þær breytingar sem óhjákvæmilega munu verða vegna loftslagsbreytinga. Í lok ársins 2020 skipaði ég starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna tillögu að stefnu stjórnvalda um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Stefnan verður grundvöllur áætlunar íslenskra stjórnvalda í þessum efnum og mun taka til fjölmargra ólíkra sviða samfélagsins.

Hringrásarhagkerfi

Annar málaflokkur sem ég hef lagt ríka áherslu á í ráðherratið minni eru hringrásarhagkerfið og umbætur í úrgangsmálum. Brýnt er að koma á svokölluðu hringrásarhagkerfi þar sem dregið er úr myndun úrgangs, endurvinnsla aukin og allt kapp lagt á að halda hráefnum í hringrás. Þetta er ekki aðeins mikilvægt svo standa

megi vörð um takmarkaðar auðlindir jarðar, heldur líka þáttur í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Því minna sem við neytum, þeim mun minna þarf að framleiða og því lengur sem við getum nýtt hvern hlut, því betra fyrir umhverfið og loftslagið.

Haustið 2020 kom út aðgerðaáætlun í plastmálefnum þar sem settar voru fram aðgerðir til þess að draga úr plastnotkun, auka endurvinnslu þess og sporna gegn plastmengun í hafi. Meirihluti aðgerðanna í áætluninni er þegar kominn til framkvæmda. Á alþjóðlegum vettvangi hef ég nýtt mörg tækifæri til þess að tala fyrir gerð alþjóðlegs samnings gegn plastmengun í hafi. Engin þjóð getur tekist á við plastmengun ein síns liðs, þetta er alþjóðlegur og alvarlegur vandi sem krefst alþjóðlegra lausna.

Þessi misserin er einnig unnið í ráðuneytinu að útgáfu aðgerðaáætlunar gegn matarsóun en um mitt árið 2020 fékk ég afhentar tillögur starfshóps sem hún byggist á. Í tillögum starfshópsins var m.a. lagt til að sett yrði markmið um að draga úr matarsóun á Íslandi um 30% fyrir árið 2025 og um 50% fyrir árið 2030. Matvælaframleiðsla kallar á nýtingu margvíslegra auðlinda og mikilvægt er að stuðla að því að þau matvæli sem framleidd eru nýtist sem best og sem allra minnst fari til spillis.

Þann 1. janúar 2020 tók gildi bann við afhendingu burðarpoka úr plasti, sem samþykkt hafði verið á Alþingi árið áður. Vorið 2020 mælti ég svo fyrir frumvarpi á Alþingi sem fól m.a. í sér bann við sölu á tilteknum einnota plastvörum, svo sem hnífapörum, sogrörum og bómullarpinum úr plasti. Frumvarpið varð að lögum í júní 2020 og taka lögin gildi í byrjun júlí 2021. Hvort tveggja eru mikilvæg skref í þá átt að draga úr óþarfa notkun á einnota plasti, umhverfi og dýralífi — ekki síst í hafinu — til heilla.



Annað

Í fyrsta mánuði ársins 2020 féllu snjóflóð á Vestfjörðum og við vorum rækilega minnt á mikilvægi ofanflóðavarna, þótt blessunarlega hlytist ekkert manntjón af. Þá um vorið tók ríkisstjórnin ákvörðun um að flýta verulega uppbyggingu snjóflóðavarna í þéttbýli þannig að þeim yrði lokið á næstu 10 árum. Þetta þýðir að uppbyggingu ofanflóðamannvirkja á hættusvæðum í byggð verður lokið um 25 árum fyrr en í stefndi að óbreyttu. Í lok árs minntu fjöllin enn á sitt ægivald, þegar stórt aurflóð féll á Seyðisfirði í desember. Strax í upphafi ársins 2021 greip ríkisstjórnin til aðgerða sem unnið hefur verið að á svæðinu, en mikið hreinsunarstarf blasti við auk þess sem huga hefur þurft að vörnum og aðgerðum til framtíðar svo verja megi byggðina á Seyðisfirði.

Að baki er einstaklega viðburðaríkt ár en heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði mikil áhrif á líf okkar allra. Ein afleiðing faraldursins var sú að Alþingi forgangsraðaði málum sem lutu sérstaklega að viðbrögðum við honum, stórum og smáum. Það þýddi jafnframt að einhver þeirra þingmála sem ég hafði lagt fram náðu ekki fram að ganga á árinu 2020. En þrátt fyrir að heimsfaraldurinn hafi yfirtekið líf okkar á þessu ári þá er deginum ljósara að umhverfismálin, þá sérstaklega loftslagsmál, verða æ fyrirferðarmeiri í allri umræðu. Því látum við ekki deigan síga og vinnum ótrauð áfram í þágu náttúrunnar, loftslagsins og umhverfisins alls.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,

umhverfis- og auðlindaráðherra



**Starfsemi umhverfis- og
auðlindaráðuneytisins á árinu 2020**

Fréttannáll 2020 (janúar–júní)

3. janúar

Ráðherra boðar til kynningarfundu um Hálendisþjóðgarð

10. janúar

Ráðherra skipar starfshóp til að vinna stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni

30. janúar

Ráðherra friðlýsir Gjána, Háafoss og Hjálparfoss í Þjórsárdal



7. febrúar

Ráðherra úthlutar 67,7 milljónum kr. í verkefnastyrki til 43 verkefna á málefnasviði umhverfis- og auðlindaráðuneytis

9. mars

3 milljörðum úthlutað til uppbyggingar innviða 2020–2022 á 119 stöðum með Landsáætlun innviða. Gert ráð fyrir þriggja milljarða framlagi yfir þriggja ára tímabil



6. mars

Umhverfis-, heilbrigðis- og dómsmálaráðherrar einhuga um að dregið verði úr flugeldamengun

5. mars

Umhverfis- og auðlindaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skrifa undir samning um loftslagsvænni landbúnað

7. febrúar

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvegaráðuneyti veita 200 milljónum til orkuskipta í samgöngum yfir næstu 2 ár



1. apríl

Ráðherra friðlýsir Gjástykki gegn orkuvinnslu

8. apríl

Skýrsla HÍ og Hagfræðistofnunnar um áhrif þjóðgarða og friðlýstra svæða á byggðapróun kynnt



17. apríl

Aðgerðir til að stöðva olíuleka úr El Grillo samþykktar

20. maí

Verkfræðistofan Efla hlýtur Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfis- og auðlindaráðuneytis



15. maí

Ráðherra úthlutar styrkjum til orkuskipta í höfnum

5. maí

550 milljónum króna ráðstafað aukalega til loftslagsmála í sérstöku fjárfestingaáttaki ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19

30. apríl

Plastmengun í hafi og græn umskipti í brennidepli á fundi umhverfisráðherra Norðurlandanna

3. júní

Loftslagssjóður úthlutar 165 milljónum til 32 verkefna

5 júní

Nýtt skipurit umhverfis- og auðlindaráðuneytis tekur gildi. Sett á fót skrifstofa alþjóðamála og samþættingar og ný loftslagsskrifstofa

8. júní

Framkvæmdir hefjast við gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri

11. júní

Ráðherra friðlýsir Goðafoss í Skjálfandaflijóti

17. júní

Geysissvæðið, eitt þekktasta goshverasvæði jarðar, friðlýst

Fréttannaáall 2020 (júní–desember)

23. júní

Ný aðgerðaáætlun í Loftslagsmálum kynnt

**23. júní**

Starfshópur um aðgerðir gegn matarsóun afhendir ráðherra tillögur sínar

25. júní

Samkomulag undirritað við UNEP um áframhaldandi samvinnu á sviði jarðhitaverkefna í A-Afríku

26. júní

Ráðherra friðlýsir Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá

10. ágúst

Ráðherra friðlýsir Kerlingarfjöll og nágrenni sem landslagsverndarsvæði

8. júlí

Hvatningarátakinu Stefnumót við náttúruna, sem miðar að því að hvetja landsmenn til að heimsækja friðlýst svæði á Íslandi, ýtt úr vör

**1. júlí**

Alþingi staðfestir skuldbindingar Íslands gagnvart Parísar-samkomulaginu

1. júlí

Alþingi samþykkir bann við algengum einnota vörum úr plasti á markaði

8. september

Ráðherra veitir Matarbúðinni Nándinni Bláskelina, viðurkenningu fyrir framúrskarandi plastlausar lausnir

8. september

Aðgerðaáætlun í plastmálefnum, Úr viðjum plastsins, gefin út

16. september

Dagur íslenskrar náttúru. Arnhildur Hálfánardóttir hlýtur fjölmiðlaverðlaun og Kári Kristjánsson Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Bratttholti

**30. september**

Ísland undirritar Leaders Pledge for Nature. Ráðherra flytur ávarp um líffræðilegan fjölbreytileika á hliðarviðburði Allsherjarþings Sp

6. nóvember

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið skilar til Eftirlitsstofnunar EFTA landsáætlun um hvernig Ísland hyggst uppfylla loftslagsskuldbindingar sínar

2. nóvember

Áform um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum kynnt

15. október

Framlög til varna gegn náttúruvá stóraukin

**13. október**

Gert er ráð fyrir 1,7 milljarði króna í þágu hringrásarhagkerfisins í fjármálaáætlun 2021-2025 með sérstöku fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar

18. nóvember

Tillaga Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026 ásamt umhverfismati tillögunnar sett í opinbert samráðsferli

26. nóvember

Ráðherra mælir fyrir frumvarpi um niðurdælingu koldíoxíðs á Íslandi

1. desember

Ráðherra kynnr frumvarp um Hálandisþjóðgarð á blaðamannafundi

16. desember

Ráðherra skipar starfshóp um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum

30. desember

Bætt aðstaða fyrir gesti og verndaraðgerðir í þjóðgöörðum og friðlýstum svæðum meðal verkefna sérstaks fjárfestingarátaks

Ráðuneytið


Verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins er varða meðal annars loftslags- og loftgæðamál, náttúruvernd, landsskipulag og landnýtingu, skógrækt, landgræðslu, úrgangs- og fráveitumál, vernd hafs og vatns, veður og náttúruvá, mengunarvarnir og hollustuhætti, mat á umhverfisáhrifum, upplýsingarétt, veiðistjórnun villtra dýra og landupplýsingar. Verkefni ráðuneytisins eru skilgreind í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Umhverfis- og auðlindaráðherra er Guðmundur Ingi Guðbrandsson. Ráðherra fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Ráðuneytisstjóri, Sigríður Auður Arnardóttir, stýrir ráðuneytinu í umboði ráðherra.

Á árinu 2020 var sú breyting gerð á skipuriti ráðuneytisins að settar voru á fót ný skrifstofa alþjóðamála og samþættingar og skrifstofa loftslagsmála, sem hefur umsjón með framkvæmd og eftirfylgni verkefna á sviði loftslagsmála. Verkefnum ráðuneytisins er skipað á sex skrifstofur, sem auk áðurnefndra skrifstofa eru: skrifstofa ráðuneytisstjóra, skrifstofa fjármála og rekstrar, skrifstofa landgæða og skrifstofa umhverfis og skipulags. Stöðugildi umhverfis- og auðlindaráðuneytis voru 44 í lok árs 2020.

14 stofnanir heyra undir fagsvið umhverfis og auðlindaráðuneytisins og skipar umhverfis- og auðlindaráðherra flesta forstöðumenn þeirra. Tveir af sex vinnuhópum Norðurskautsráðsins eru með skrifstofu á Akureyri og ber umhverfis- og auðlindaráðuneytið ábyrgð á þeim fyrir Íslands hönd. Þessir eru Conservation of Arctic Flora and Fauna (CAFF) og Protection of the Arctic Marine Environment (PAME).

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er í nánú samstarfi við ýmsar alþjóðlegar stofnanir og hefur fulltrúa sinn í Brussel. Starfsfólk ráðuneytisins tekur virkan þátt í norrænu og evrópsku samstarfi auk samvinnu alþjóðlegra stofnana á borð við Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP). Þá fer ráðuneytið með umsjón fjölda alþjóðasamninga á sviði umhverfismála á borð við Loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna, Samninginn um líffræðilega fjölbreytni og OSPAR-samninginn um vernd NA-Atlantshafsins.



Tölfræði um starfsemi 2020

2.469

mál í málaskrá

142

fréttatilkynningar sendar út

21.393

innkomin skráð skjöl

39

fyrirspurnir frá Alþingi

8.514

innkominn skráður tölvupóstur

83

upplýsingabeidnir

Þingmál ráðherra

Á árinu 2020 voru löggjafarþing nr. 150 og 151 starfandi. Umhverfis- og auðlindaráðherra lagði fram 11 þingmál. Fjögur fyrstnefndu frumvörpin urðu að lögum á árinu. Vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar tókst ekki að ljúka þinglegri meðferð 7 síðari þingmálanna fyrir árslok. Umhverfis- og auðlindaráðherra tók þátt í tveimur sérstökum umræðum á árinu. Þá svaraði ráðherra 32 skriflegum fyrirspurnum og sjö munnlegum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum (EES-reglur, plastvörur)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (skuldbindingar og losunarheimildir)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 (markmið, áhættumat, sektir o.fl.)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum (óbyggt víðerni)

Frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, með síðari breytingum (áttak í fráveitumálum)

Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða og íbúðarhúsnæðis)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um loftslagsmál (niðurdæling koldíoxíðs)

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Frumvarp um Hálendisþjóðgarð



**Helstu verkefni umhverfis- og
auðlindaráðuneytisins á árinu 2020**



Náttúruvernd

Efling náttúruverndar

Unnið hefur verið markvisst að eflingu náttúruverndar með friðlýsingu svæða sem Alþingi hefur ályktað að skuli friðlýsa, bæði á náttúruverndaráætlun og í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar. Auk þess hafa verið friðlýst svæði undir álagi ferðamanna og svæði sem sveitarfélög eða landeigendur hafa óskað eftir að friðlýst verði.

Jafnframt hefur verið unnið að stækkun þjóðgarða og stofnun hálandisþjóðgarðs á miðhálandi Íslands til að tryggja heildstæða verndun þeirra náttúruminja og víðerna sem þar eru. Ný nálgun í náttúruvernd hefur falið í sér að greina þau tækifæri sem liggja í náttúruvernd, bæði bein efnahagsleg áhrif og hvað varðar byggðaþróun.

Landvarsla á náttúruverndarsvæðum hefur verið eflað síðustu ár og lögð áhersla á að koma upp heilsársviðveru. Ársverkum í landvörslu á árabílinu 2018-2020 fjölgaði um 18 og eru nú um hundrað. Með þessu er þjónusta á náttúruverndarsvæðum stórefld og þar með fræðsla og leiðbeiningar til allra ferðamanna.

Friðlýsingar

Undanfarin þrjú ár hefur staðið yfir áttak í að friðlýsa svæði í íslenskri náttúru í nánú samstarfi Umhverfisstofnunar, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og hagaðila. Í lok árs 2020 höfðu 12 svæði verið friðlýst á grundvelli átaksins, meðal annars Geysir í Haukadal, Goðafoss í Skjálfandaflljóti, Búrfell og Búrfellsgjá á höfuðborgarsvæðinu og Kerlingarfjöll á miðhálandinu. Nokkur svæði hafa einnig verið friðlýst fyrir orkuvinnslu í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, þar á meðal vatnasvið Jökulsár á Fjöllum, sem var fyrst til að fá slíka vernd árið 2019 og jarðhitasvæði Gjástykkis á Norðurlandi og Brennisteinsfjalla á Reykjanesi. Mörg önnur svæði eru í friðlýsingarferli.

Sem liður í aukinni áherslu á tengsl náttúruverndar og byggðaþróunar var unnin rannsókn á [hagrænum áhrifum friðlýstra svæða](#) og greining á samhengi [náttúruverndar og byggðaþróunar](#). Jafnframt var unnið að greiningu tækifæra með friðlýsingu svæða, bæði fyrir einstök sveitarfélög eins og Langanesbyggð og Húnaþing vestra, og innan landshluta með aðgerð á Byggðaáætlun. Unnið hefur verið að slíkum verkefnum á Suðurlandi, Austurlandi og Norðausturlandi.



Vöktun og Landsáætlun

Vöktun náttúruverndarsvæða hefur verið eflid með auknum fjármunum til slíkra verkefna. Markmiðið er að fylgjast með mögulegum áhrifum nýtingar svæðanna s.s. ferðamennsku á náttúru þeirra og möguleg áhrif á verndargildi. Þetta getur átt við bæði lífríki s.s. gróður, fugla og spendýr og einnig jarðmyndanir. Vöktunarverkefni eru undir yfirumsjón Náttúrufræðistofnunar Íslands, en eru unnin í nánú samstarfi við náttúrustofur í öllum landshlutum. Þá var talning á ferðamönnum eflid á friðlýstum svæðum og talningamælum fjölgað til muna.

Á grunni Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum hefur verið unnið að mörgum verkefnum síðustu ár sem stuðla að bættri stýringu umferðar ferðamanna. Verkefni geta falist í gerð göngustíga sem leiða ferðamenn um svæði og staði til að bæta upplifun, auka öryggi og vernda náttúru. Einnig getur verið um að ræða merkingar og aðra miðlun upplýsinga um staði. Þá hefur verið talsverð áhersla á að auka fagþekkingu á uppbyggingu innviða m.a. með námskeiðum um gerð göngustíga, uppbyggingu á ferðamannastöðum.

A hand is shown holding a clear glass sphere. Inside the sphere, there is a small amount of water with several pieces of ice floating on the surface. The background is a soft, out-of-focus blue. Two thin white horizontal lines are positioned above and below the sphere, framing the text.

Hringrásarhagkerfi

Innleiðing hringrásarhagkerfis

Eitt meginmarkmiða stjórnvalda í umhverfismálum er að koma á hringrásarhagkerfi með vörur og þjónustu til að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu, draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans. Þetta markmið tengist meðal annars loftslagsmálum, sem eru eitt stærsta forgangsmál ríkisstjórnarinnar, og stefnunni sem tekin hefur verið á kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Eitt af lyklatríðum til að þessu takmarki verði náð er að hér á landi verði til virkt hringrásarhagkerfi.

Hringrásarhagkerfi er hagkerfi þar sem vörur, hlutir og efni halda verðmæti sínu og notagildi eins lengi og mögulegt er. Verði vara að úrgangi tekur við skilvirk flokkun, söfnun og endurvinnsla sem heldur hráefnum í hringrás. Markmiðið er að draga úr auðlinda-notkun, lengja líftíma auðlinda jarðar og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur. Markmiðið er að auka hagsæld og lífsgæði, en um leið standa vörð um takmarkaðar auðlindir jarðar, stuðla að sjálfbærni og draga úr losun gróðurhúsa-lofttegunda.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer með málefni er snerta úrgang, s.s. úrgangsforvarnir og meðhöndlun úrgangs. Ráðherra leggur sérstaka áherslu á farsæla innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi og jókst föst árleg fjárveiting til málaflöksins um 100 m.kr. á árinu.

Minni matarsóun

Starfshópur sem ráðherra hafði skipað um aðgerðir gegn matarsóun afhenti í júní tillögur að 24 aðgerðum. Annars vegar eru 14 aðgerðir sem starfshópurinn leggur til að stjórnvöld beri ábyrgð á að komist til framkvæmdar og hins vegar 10 aðgerðir á ábyrgð atvinnulífsins. Í starfshópnum sátu fulltrúar bænda, atvinnulífs, neytenda, ungs fólks og umhverfisverndarsamtaka, auk fulltrúa stjórnvalda. Starfshópurinn beinir sjónum sínum að öllum hliðum matarsóunar, .m.a.:

- **að draga úr matarsóun með samstilltu átaki samfélagsins alls, þ.e. atvinnulífsins, almennings og stjórnvalda**
- **innleiðingu hagrænna hvata til að sporna við matarsóun**
- **auknar matargjafir**
- **endurskoðun regluverks**
- **árlegar mælingar á umfangi matarsóunar**
- **að atvinnulífið setji málefnið í forgang**

Þá er lagt til að sett verði markmið um að draga úr hvers kyns matarsóun um 30% fyrir árið 2025 og um 50% fyrir árið 2030. Tillögur starfshópsins fóru til almennrar kynningar í samráðsgátt stjórnvalda í kjölfar afhendingar og vinnur ráðuneytið að úrvinnslu málsins, m.a. í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Úr viðjum plastsins

Í september gaf ráðherra út aðgerðaáætlun í plastmálefnum undir yfirskriftinni [Úr viðjum plastsins](#). Markmiðið með áætluninni er að bregðast við þeirri umhverfisvá sem plast í umhverfinu veldur.

Í áætluninni eru 18 aðgerðir sem byggja á tillögum samráðsvettvangs um aðgerðaáætlun í plastmálefnum sem ráðherra skipaði árið 2018. Í samráðsvettvangnum áttu sæti fulltrúar stjórnvalda, atvinnulífs, félagasamtaka og þingflokka á Alþingi. Aðgerðunum er skipt í þrjá hluta eftir eðli þeirra:

- **dregið úr notkun plasts**
- **aukin endurvinnsla plasts**
- **plast í hafi**

Aðgerðirnar eru í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem boðað er átak gegn einnota plasti og hreinsun plasts úr umhverfi lands og stranda.

Á árinu voru stigin önnur mikilvæg skref í þá átt að draga úr notkun á einnota plasti. Í júní varð að lögum frumvarp ráðherra um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lagabreytingin fól meðal annars í sér bann við að setja tiltekna, algengar einnota plastvörur á markað og ákvæði um sérstakar merkingar sem tiltekna einnota plastvörur eiga að bera um hvernig meðhöndla eigi vörurnar eftir notkun og þau neikvæðu áhrif sem þær hafa, berist þær í umhverfið. Þá tók gildi um áramót bann við afhendingu burðarpoka úr plasti á sölustöðum vara, sem Alþingi samþykkti árið 2019.

Önnur verkefni

Starfshópur sem ráðherra skipaði til að fjalla um framkvæmd framleiðendaábyrgðar á rafhlöðum og rafgeymum sem notuð eru til að knýja ökutæki, svokölluðum drifrafhlöðum, skilaði niðurstöðu á árinu. Mikilvægt er að tryggja viðeigandi meðhöndlun drifrafhlaðna að lokinni notkun, jafnræði fyrirtækja á markaði og að handhafar drifrafhlaðna geti skilað þeim til meðhöndlunar og endurvinnslu án þess að greiða sérstaklega fyrir. Í starfshópnum sátu fulltrúar atvinnulífsins og stjórnvalda. Niðurstaða starfshópsins var að leggja til að framleiðendaábyrgð á drifrafhlöðum í ökutækjum verði almennt útfærð með því að fela Úrvinnslusjóði framkvæmd hennar með álagningu úrvinnslugjalds. Ráðuneytið vann í kjölfarið úr tillögum starfshópsins og undirbjó nauðsynlegar lagabreytingar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið lét á síðasta ári vinna skýrslu um hvert áætlað magn óendurvinnanlegs úrgangs sem fellur til hér á landi verður til næstu 25 ára. Tilgangurinn var að afla áreiðanlegra upplýsinga um hver þörfin fyrir brennslu úrgangs er líkleg til að verða í nánustu framtíð, en umræða um nauðsyn þess að auka getu til að brenna úrgang innanlands hefur orðið æ meira áberandi síðustu misseri. Þó vel takist til við að innleiða hringrásarhagkerfi á Íslandi verður alltaf að búast við að einhver úrgangur falli til sem ekki er hæfur til endurvinnslu. Þennan úrgang er hægt að brenna í brennslustöð og nýta orkuna sem losnar við brennsluna. Samkvæmt skýrslunni verður það magn úrgangs sem brenna þarf árlega til ársins 2045 að líkindum á bilinu 40–100 þúsund tonn á landsvísu, mest á Suðvesturlandi, næstmest á Norðurlandi eystra en minnst á Vestfjörðum og Austfjörðum. Ráðuneytið tók niðurstöður skýrslunnar til frekari athugunar í samstarfi við sveitarfélögin.

Í þeim tilgangi að efla samstarf innan ráðuneytisins um verkefni sem snerta innleiðingu hringrásarhagkerfis og samstarf við önnur ráðuneyti var hringrásarteymi ráðuneytisins stofnað á árinu, en þverfagleg samvinna, s.s. þvert á ráðuneytin og þvert á atvinnulífið, er lykiltríði við innleiðingu þess. Í teyminu eiga sæti fulltrúar skrifstofa ráðuneytisins og hefur teymið reglubundið samstarf um þau verkefni sem eru í deigluinni hverju sinni.





Loftslagsmál

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Baráttan við loftslagsbreytingar af mannavöldum er meðal þeirra viðfangsefna sem ber hvað hæst í umhverfismálum. Á árinu var gerð sú breyting á skipuriti ráðuneytisins að sett var á fót skrifstofa loftslagsmála, sem hefur umsjón með stefnumótun, framkvæmd og eftirfylgni loftslagsmála.

Í júní 2020 kom út önnur útgáfa aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum. Þar eru settar fram 48 aðgerðir sem hafa það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Sem dæmi má nefna ívilnanir fyrir virka ferðamáta og vistvæn ökutæki, bann við urðun lífræns úrgangs, útfösun F-gasa og eflingu skógræktar og landgræðslu.

Aðgerðirnar ná til alls samfélagsins og er þeim skipt í níu flokka: samgöngur á landi, skip og hafnir, orkuframleiðsla og smærri iðnaður, F-gös og efnanotkun, landbúnaður, úrgangur og sóun, hvatar til umskipta, ETS (flug og iðnaður) og landnotkun. Verkefnisstjórn, skipuð fulltrúum sjö ráðherra auk fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ber ábyrgð á eftirfylgni aðgerðanna.

[Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#)



Loftslagslög og efld markmið

Loftslagslögum nr. 70/2012 var breytt á árinu. Með breytingunum voru innleiddar ESB reglugerðir sem eru lykilatriði í samkomulagi Íslands og Noregs við ríki Evrópusambandsins um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt Parísarsamningum á tímabilinu 2021-2030. Þar er um að ræða skuldbindingar, annars vegar vegna sameiginlegrar ábyrgðar og hins vegar vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF). Jafnframt voru með lögnum innleidd ákvæði vegna fjórða tímabils evrópska viðskiptakerfisins með losunarheimildir (ETS-kerfið). Þá setti Ísland sér markmið í árslok um að ná [55% samdrætti](#) í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030, miðað við losun 1990, í samfloti með ESB og Noregi. Einnig var ákveðið að efla loftslagsaðgerðir með áherslu á kolefnisbindingu og landnotkun til að ná markmiði um kolefnishlutleysi.

Loftslagssjóður, aðlögunarstefna og kolefnishlutleysi

Á árinu var í fyrsta sinn úthlutað úr Loftslagssjóði, alls 165 milljónum króna til 32 verkefna. Hlutverk sjóðsins er að styðja nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Styrkt voru 10 nýsköpunarverkefni og 22 kynningar- og fræðsluverkefni.

Vinna hófst við fyrstu stefnu Ísland vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum en ráðherra fól starfshópi það verkefni í desember. Stefnan verður kynnt um mitt ár 2021 en henni er ætlað að vera grundvöllur heildstæðrar áætlunar um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum.

Vinna hófst einnig við lögfestingu markmiðs um kolefnishlutleysi, en það er einn lykilþáttur Parísarsamningsins.



Stofnanir



14 stofnanir heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Einnig tilheyra málefnasviði ráðuneytisins Endurvinnslan hf. og Ofanflóðasjóður ásamt átta náttúrustofum víðsvegar um landið sem eru á forræði sveitarfélaga en fá rekstrarstyrk á grundvelli fjárlaga.



Íslenskar orkurannsóknir

Hlutverk Íslenskra orkurannsókna, ÍSOR, er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra jarðrænna auðlinda. Stofnunin starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum. Sérfræðingar stofnunarinnar hafa tekið þátt í jarðhitauppyggingu á bæði lághita- og háhitasvæðum landsins og víða um heim. ÍSOR sinnir jarðfræðikortlagningu lands og hafbotns og jarðfræðirannsóknnum vegna mannvirkjagerðar, skriðufalla, jarðskjálfta og eldvirkni.

Alls starfa 66 hjá ÍSOR bæði í Reykjavík og á Akureyri.



Landgræðslan

Hlutverk Landgræðslunnar er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Endurheimt vistkerfa, umsjón með kolefnisbókhaldi Íslands (LULUCF, utan skógræktar), gróðurvernd, gróðureftirlit og varnir gegn landbroti eru meginverkefni Landgræðslunnar en stofnunin sinnir einnig umsjón með landgræðslusvæðum og sinnir eftirliti með ástandi lands og nýtingu þess. Landgræðslan sinnir hlutverki sínu með rannsóknum, ráðgjöf, þróunarstarfi, fræðslu og fjölbreyttu samstarfi tengdu vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbærri nýtingu þeirra.

Alls starfar 61 hjá Landgræðslunni á sex starfsstöðvum víða um land.



Landmælingar Íslands

Landmælingar Íslands hafa það hlutverk að safna, vinna úr, varðveita og miðla landupplýsingum um Ísland. Landupplýsingar eru grundvallargögn hvers samfélags og tryggja aðgang samfélagsins að upplýsingum varðandi umhverfi og náttúru. Landupplýsingar eru einnig mikilvægar til þess að styðja stefnumótun stjórnvalda á ýmsum sviðum s.s. á sviði framkvæmda, skipulagsmála, umhverfismála og vöktunar á náttúruvá. Þá fara Landmælinga með framkvæmd laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.

Alls starfa 24 hjá Landmælingum Íslands sem hafa aðsetur á Akranesi.



Náttúrufræðistofnun Íslands

Meginhlutverk Náttúrufræðistofnunnar Íslands er að stunda undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasufræði og jarðfræði landsins, annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands og varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum. Náttúrufræðistofnun Íslands býr yfir gagnabanka um náttúru landsins og hlutverk hennar er að hafa yfirsýn og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um verndun og skynsamlega nýtingu náttúrunnar. Hún hefur einnig víðtækt vöktunar- og fræðsluhlutverk.

Alls starfa um 50 manns hjá Náttúrufræðistofnun Íslands í Garðabæ og á Akureyri.



Náttúruvísindisstofnun við Mývatn

Náttúruvísindisstofnunin við Mývatn (RAMÝ) fæst við rannsóknir á náttúru og sögu Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það höfuðmarkmið að skilja náttúrufarsbreytingar og sjá þær fyrir og stuðla þannig að verndun svæðisins. RAMÝ birtir skrá um rannsóknir sem gerðar hafa verið á náttúru Mývatns og Laxár og vatnasviðsins alls. RAMÝ veitir sérfræðingum og nemendum í náttúrufræðum aðstöðu til rannsókna og hlutdeild í gagnasafni stöðvarinnar og miðlar þekkingu á náttúru svæðisins til almennings og skóla í ræðu og riti og er stjórnvöldum til ráðuneytis um hvaðeina er lýtur að fræðslu um svæðið, verndun þess og nýtingu.

Starfsmenn RAMÝ eru 2.



Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Hún vinnur einnig að gerð strandsvæðisskipulags í umboði svæðisráða. Þá leiðbeinir stofnunin um gerð skipulagsáætla sveitarfélaga, hefur eftirlit með gerð þeirra og staðfestir aðal- og svæðisskipulag. Stofnunin sinnir einnig leiðbeiningum og eftirliti og fer með tiltekna ákvarðanir um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat áætla. Þá sinnir stofnunin þróun og innleiðingu stafræns skipulags og umsýslu Skipulagssjóðs.

Alls eru 26 stöðugildi hjá Skipulagsstofnun.



Skógræktin

Hlutverk Skógræktarinnar er að hafa forystu um uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi með víðtækri samvinnu, vinna að vernd og friðun skóga og draga fram hagrænan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinning af sjálfbærri nýtingu skóga. Verkefni Skógræktarinnar er að veita framlög og ráðgjöf til skógræktenda, rækta og hirða um þjóðskógana, vinna að vernd og útbreiðslu birkiskóga og sinna rannsóknum innan lands og í samstarfi við aðrar þjóðir. Eins hefur Skógræktin forystu um að afla og miðla þekkingu á skógrækt á Íslandi, sem og að hvetja til samvinnu og veita ráðgjöf á sviði skógræktar með áherslu á sjálfbærni, eflingu byggðar, verðmætasköpun og mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum.


Alls starfa 65 hjá Skógræktinni á 13 starfsstöðvum um land allt.



Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er íslensk norðurslóðastofnun sem sinnir rannsóknum, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar og umhverfismála á norðurslóðum. Verkefni stofnunarinnar eiga það sameiginlegt að fjalla um samfélög, umhverfi og auðlindir á norðurslóðum og hvernig nýta megi niðurstöður þverfaglegra rannsókna og þekkingu sem af þeim sprettur til upplýstrar stefnumótunar. Markmiðið er þannig að stuðla að velferð íbúa og sjálfbærri þróun svæðisins, sem Ísland er hluti af, hvað varðar samfélagsþróun, auðlindanýtingu, aðlögun að loftslagsbreytingum og hnattvædda efnahagsþróun.

Alls starfa 12 hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri.





Umhverfisstofnun

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Verkefni Umhverfisstofnunar eru m.a. eftirlit og leyfisveitingar, umsjón og rekstur friðlýstra svæða og þjóðgarðs sem og friðlýsing nýrra svæða. Stofnunin sinnir einnig samræmingarhlutverki vegna heilbrigðis- og mengunarmála, söfnun og miðlun upplýsinga um ástand umhverfisins og umhverfismála og umsjón með umhverfisluta EES- samningsins.

Alls starfa 110 manns hjá Umhverfisstofnun, auk 60 landvarða sem bætast við yfir sumartímann. Stofnunin er með níu starfsstöðvar um land allt.



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Hlutverk úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði. Í nefndinni sitja auk formanns og varaformanns sjö nefndarmenn með mismunandi sérþekkingu og jafnmargir til vara.

Að meðtöldum formanni og varaformanni starfa að jafnaði alls 8 manns hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, sem hefur aðsetur í Reykjavík.



Úrvinnslusjóður

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann vinnur að því að sem minnst falli úr vöruhringrásinni í formi úrgangs sem þarf að farga. Úrvinnslusjóður reynir með hagrænum hvötum að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög um Úrvinnslusjóð og að stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Í stjórn Úrvinnslusjóðs sitja sjö fulltrúar og jafnmargir til vara, flestir frá atvinnulífínu. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Úrvinnslusjóðs og ræður framkvæmdastjóra.

Alls starfa 4 hjá Úrvinnslusjóði í Reykjavík.



Vatnajökulsþjóðgarður

Vatnajökulsþjóðgarður nær yfir Vatnajökul og stór svæði í nágrenni hans, rúm 14% af flatarmáli landsins. Náttúra og menningarsaga Vatnajökulsþjóðgarðs er einstæð og var þjóðgarðurinn samþykktur á heimsminjaskrá UNESCO árið 2019. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með daglegum rekstri í samráði við stjórn sem hefur það meginverkefni að marka stefnu þjóðgarðsins. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð kveða m.a. á um að stjórnunar- og verndaráætlun taki til helstu þátta verndar og landnýtingar innan þjóðgarðsins. Starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs er dreifð og skiptist garðurinn í fjögur rekstrarsvæði. Fimm þjóðgarðsverðir, sem annast daglegan rekstur hvers svæðis, starfa á rekstrarsvæðunum fjórum auk annars starfsfólks s.s. landvarða. Svæðisráð starfa á hverju rekstrarsvæði þjóðgarðs og eru þau m.a. stjórn til ráðgjafar. Þjóðgarðurinn rekur fimm gestastofur og unnið er að tveimur til viðbótar.

Alls starfa 34 hjá Vatnajökulsþjóðgarði á níu starfsstöðvum auk um 80 landvarða yfir sumartímann.



Veðurstofa Íslands

Hlutverk Veðurstofu Íslands er að stuðla að bættu öryggi almennings, eigna og innviða gagnvart öflum náttúrunnar jafnframt því að styðja sjálfbæra nýtingu hennar og samfélagslega hagkvæmni. Því sinnir stofnunin með vöktun loftsláðs og lagar, byggðri á öflun, varðveislu og greiningu gagna, rannsóknunum, þróun og miðlun upplýsinga.


Alls starfa 150 manns hjá Veðurstofu Íslands á fimm starfsstöðvum auk 70 athugunar- og eftirlitsmanna víðsvegar um land.



Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur sérstakt gildi og var stofnaður með lögum árið 1930 og er einn fjölsóttasti ferðamannastaðurinn á Íslandi. Meginreglan í stjórn-sýslu garðsins er að náttúra Þingvalla, sögusvið og minjar í þjóðgarðinum njóti verndar til framtíðar en jafnframt sé búið í haginn fyrir mikinn fjölda gesta. Þá er lögð áhersla á að gestir geti notið fræðslu um einstakt samspil sögu og náttúru á Þingvöllum. Alþingi kýs Þingvallanefnd sem fer með stjórn þjóðgarðsins og ræður framkvæmdastjóra hennar sem jafnframt er þjóðgarðsvörður.

Alls störfuðu 14 manns hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum í lok árs 2020.





**Rekstur
og fjárfestingar**

Málefнасvið

Verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins falla að mestu leyti undir eitt málefnasvið; málefnasvið 17 Umhverfismál. Málefnasviðið og verkefni þessa skiptast í eftirfarandi fimm málaflokka:

- 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla
- 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands
- 17.30 Meðferð úrgangs
- 17.40 Varnir gegn náttúruvá
- 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

Auk þess fer ráðherra umhverfis- og auðlindamála með hlutdeild í tveimur málaflokkum tveggja annarra málefnasviða:


- 6 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, sbr. Landmælingar Íslands í málaflokki 06.10
- 8 Sveitarfélög og byggðamál, sbr. skipulagssjóður í málaflokki 08.10

Rekstrargjöld og fjárfestingar málefnasviða

Myndin sýnir raunútgjöld málefnasviða sem heyra að hluta til eða í heild undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Raunútgjöld málefnasviða í heild námu 19.344 m.kr.

Rekstrargjöld og fjárfestingar 2020

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar alls 19.344 m.kr.



Útgjöld málefnasviða og málaflokka

Í töflunni má sjá þá málaflokka sem umhverfis- og auðlindaráðherra ber ábyrgð á ásamt hlutdeild ráðherra í þeim málaflokkum þar sem ábyrgð skiptist á milli fleiri ráðherra. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í m.kr. að frádrögnum rekstrartekjum ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

Tafla 1. Rekstur án fjárfestinga — málefnasvið sundurliðað niður á málaflokka.

Málefnasvið / málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik frá áætlun	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Frávik %
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	325,6	326,1	0,5	0,2%	21,5	22,0	6,3%
06.10 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	325,6	326,1	0,5	0,2%	21,5	22,0	6,3%
08 Sveitarfélög og byggðamál	341,1	218,5	-122,6	-56,1%	79,5	-43,1	-14,5%
08.10 - Framlög til sveitarfélaga	341,1	218,5	-122,6	-56,1%	79,5	-43,1	-14,5%
17 Umhverfismál	17.065,5	17.895,5	830,0	4,6%	2.121,2	2.951,1	14,7%
17.10 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	4.041,5	4.199,1	157,6	3,8%	-321,9	-164,3	-4,2%
17.20 - Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	2.047,5	2.005,5	-42,0	-2,1%	-22,2	-64,2	-3,2%
17.30 - Meðhöndlun úrgangs	5.032,0	5.537,5	505,5	9,1%	1.252,0	1.757,5	25,9%
17.40 - Varnir vegna náttúruvá	1.489,1	1.372,3	-116,8	-8,5%	661,5	544,6	26,8%
17.50 - Stjórnsýsla umhverfismála	4.455,4	4.781,1	325,7	6,8%	551,8	877,5	16,5%
Samtals	17.732,1	18.440,1	707,9	3,8%	2.222,2	2.930,0	14,2%

Fjárhæðir í milljónum króna

Í málaflokki 17.10 *Náttúrvernd, skógrækt og landgræðsla* er jákvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 157,6 m.kr. eða 3,8% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs (uppsafnað frávik) er frávikíð neikvætt um 164,3 m.kr. eða 4,2%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávik í árslok 2020 eru:

- Neikvætt frávik hjá Landgræðslunni að fjárhæð 111 m.kr. vegna hallareksturs á árinu 2020. Þar af er 75 m.kr. framlag vegna varna gegn landbroti tengt Covid-átaksverkefnum ranglega flokkað sem fjárfestingaframlag í flutningi þessarar fjárheimildar til stofnunarinnar.
- Neikvætt frávik hjá Þingvallabjóðgarði að fjárhæð 55 m.kr. sem skýrist að stærstum hluta af ófyrirséðum kostnaði á árinu 2017 í tengslum við endurbætur á þjónustumiðstöð.

Í málaflokki 17.20 *Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands* er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 42 m.kr. eða 2,1% en að teknu tilliti til höfuðstóls frá fyrra ári er frávikíð neikvætt um 64,2 m.kr. eða 3,2%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávik í árslok 2020 eru:

- Neikvætt frávik hjá Veðurstofu Íslands að fjárhæð 101 m.kr. Skýring á frávik má rekja til aukins kostnaðar vegna snjóflóða í ársbyrjun, vegna kostnaðar tengdum jarðaskjálftum á Reykjanesi í lok árs og jafnframt vegna hækkunar orlofs-skuldbindingar
- Jákvætt frávik á varasjóði málaflokks að fjárhæð 16,5 m.kr.
- Jákvætt frávik hjá Náttúrufræðistofnun Íslands að fjárhæð 14,6 m.kr.

Í málaflokki 17.30 *Meðhöndlun úrgangs* er jákvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 506 m.kr. eða 9,1% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er frávikíð jákvætt um 1.758 m.kr. eða 25,9%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávik eru:

- Jákvætt frávik hjá Úrvinnslusjóði að fjárhæð 1.011 m.kr. en frávikíð skýrist af því að hluti tekna fer í að mæta framtíðar-skuldbindingum einstaka vöruflokka.
- Frávik hjá Endurvinnslunni hf. að fjárhæð 747 m.kr. Innheimt skilagjald og umsýslubókun umfram tekjuáætlun myndar jákvæða árslokastöðu á fjárlagalið.

Í málaflokki 17.40 *Varnir gegn náttúruvá* er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 324,2 m.kr. eða -8,5% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er frávikíð jákvætt um 116,8 m.kr. eða 26,8%. Skýring á uppsöfnuðu frávik er:

- Jákvætt frávik hjá Ofanflóðasjóði að fjárhæð 544,6 m.kr. sem skýrist að stærstum hluta á töfum í framkvæmdum.





Í málaflakki 17.50 *Stjórnslýsla umhverfismála* er jákvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins að fjárhæð 325,7 m.kr. eða 6,8% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er frávikíð jákvætt um 878 m.kr. eða 16,5%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikum eru:

- Jákvætt frávik hjá Umhverfisstofnun að fjárhæð 159 m.kr. sem skýrist einkum af tögum á verkefnum, s.s. framkvæmd norræns formennskuverkefnis (NatNorth), óúthlutuðum styrkjum úr sértækum hluta veiðikortasjóðs og ýmsum fleiri verkefnum sem mörg hver hafa komist á góðan rekspól á árinu 2021.
- Jákvætt frávik á fjárlagaliðnum Ýmis verkefni að fjárhæð 519 m.kr. Þar af eru 322 m.kr. sem skýrast af seinkunum í verkefnum sem tengjast Covid-átaksverkefnum, 38 m.kr. tengt seinkun í verkefni sem tengist landgrunnskröfum Íslands á Hatton-Rockall hafsvæðinu og 45 m.kr. vegna seinkunar á úthlutun styrkja til grænnar nýsköpunar í úrgangsmálum. Þá eru tafir í einstaka minni verkefnum og uppsafnaður rekstrarafgangur hluti af skýringunni.
- Jákvætt frávik hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að fjárhæð 76,3 m.kr. sem skýrist af uppsöfnuðum rekstrarafgangi og seinkun verkefna.
- Jákvætt frávik hjá Skipulagsstofnun að fjárhæð 29,4 m.kr. sem skýrist af seinkun í verkefnum.
- Jákvætt frávik vegna varasjóðs málaflakks að fjárhæð 95,9 m.kr.

Nánari frávikagreiningu og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila er að finna hér aftar í skýrslunni.

Fjárfesting málaflokka

Taflan hér að neðan sýnir hversu miklu var ráðstafað í fjárfestingu á árinu af fjárfestingarheimildum ársins ásamt ónýtttri fjárfestingarheimild frá fyrra ári.

Tafla 2. Fjárfestingar – málefnasvið sundurliðað niður á málaflokka.

Málaflokkar	Fjárheimild ársins	Ónýtt heimild frá fyrr ári	Fjárfesting á árinu	Óráðstafað í árslok
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	7,4	-0,3	-4,9	2,2
06.10 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	7,4	-0,3	-4,9	2,2
17 Umhverfismál	2.065,2	1.669,9	-1.607,2	2.127,8
17.10 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	1.008,2	825,3	-841,4	992,1
17.20 - Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	255,8	3,1	-148,2	110,6
17.30 - Meðhöndlun úrgangs	1,2	0,0	-0,4	0,8
17.40 - Varnir vegna náttúruvár	14,7	176,4	0,0	191,1
17.50 - Stjórnsýsla umhverfismála	785,3	665,1	-617,2	833,2
Samtals	2.072,6	1.669,6	-1.612,1	2.130,0

Fjárhæðir í milljónum króna


Skýringar

Frávik í málaflokki 17.10 og málaflokki 17.50 skýrast að stærstum hluta af framkvæmdum við þjóðgarðsmiðstöðvar við Hellissand og við Kirkjubæjar-klaustur en gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið á árinu 2022.

Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða

Frávik ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok

Grafíð hér á eftir sýnir rekstrarfrávik innan ársins hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaáttum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins að viðbættum höfuðstól frá árinu 2019. Niðurstaðan sýnir að meirihluti ríkisaðila og verkefna voru með jákvæða afkomu á árinu.




Fjárhæðir í milljónum króna

Uppsöfnuð frávik ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok

Grafíð hér á eftir sýnir uppsöfnuð rekstrarfrávik hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnafrávikum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins að viðbættum höfuðstól frá árinu 2019. Niðurstaðan sýnir að meirihluti ríkisaðila og verkefna voru með jákvæðan höfuðstól um síðustu áramót.

Skýringar á frávikum ríkisaðila er að finna framari í skýrslunni.



Ráðstöfun sjóða og styrkja

Ráðstöfun varasjóða á árinu 2020

17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	0,0
Framlag í varasjóð	13,5
Fært á milli fjárlagaliða	0,0
Vatnajökulsþjóðgarður	-13,5
Staða varasjóðs í lok árs	0,0
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	28,7
Framlag í varasjóð	13,5
Fært á milli fjárlagaliða	16,5
Veðurstofa Íslands	-42,2
Staða varasjóðs í lok árs	16,5
17.50 Stjórnsýsla umhverfismála	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	83,5
Framlag í varasjóð	5,9
Fært á milli fjárlagaliða	6,5
Staða varasjóðs í lok árs	95,9

Fjárhæðir í milljónum króna

Úthlutun á ráðstöfunarfé umhverfis- og auðlindaráðherra 2020

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Upphæð
Garðar Finnsson	Fjölnota lofttæmanlegir heyrúllupokar	250.000
Veiga Grétarsdóttir	Á móti straumnum	100.000
Hugi Hólm Guðbjörnsson	Fuglaskoðunarsíðan Spottaði fugl	200.000
Baldur Helgi Snorrason	Borgartunnan - Þróun nýrra flokkunartunna	100.000
Hjörleifur Guttormsson	Fornleifaskráning á Gerpissvæðinu	400.000
Fuglavernd	Samkeppni um Fugl ársins	500.000
Hinsegin dagar í Reykjavík	Hátíðarhöld vegna Hinsegin daga	150.000
Bless Bless Productions sf.	Heimildamyndin Full Steam Ahead	150.000
Óli-Film ehf.	Margmiðlunarsýning — Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur	200.000
Háskóli Íslands	Ráðstefna Alþjóðastofnunar um opinber fjármál (IIPF)	100.000
Félag heyrnarlausra	Íslenskt táknaþáttur	100.000
Verðandi endurnýtingarmiðstöð ehf.	Endurnýtingarmiðstöð á Hofsósi	350.000
Vistfræðifélag Íslands	Ráðstefna — Vistfræði á mannöld	100.000
Samtals		2.700.000

Rekstrarstyrkir af fjárlögum 2020

Samtök/félag	Styrkfjárhæð 2021
Blái herinn	1.200.000
Eldvötn	790.000
Ferðaklúbburinn 4x4	430.000
Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	400.000
Fuglavernd	3.390.000
Garðyrkjufélag Íslands	1.330.000
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	1.030.000
Grænni byggð	300.000
Hið íslenska náttúrufræðifélag	1.200.000
Landssamtök hjólréiðamanna	500.000
Landvernd	10.260.000
LÍSA samtök	300.000
Náttúruverndarsamtök Austurlands	560.000
Náttúruverndarsamtök Íslands	5.630.000
Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands	300.000
Rjúkandi	300.000
SAMÚT, samtök útivistarfélaga	1.020.000
Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd	140.000
Skotveiðifélag Íslands	890.000
Skógræktarfélag Akraness	300.000
Skógræktarfélag Borgarfjarðar	430.000
Skógræktarfélag Íslands	7.500.000
SUNN — Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi	300.000
Ungir umhverfissinnar	500.000
Samtals	39.000.000

Verkefnastyrkir af fjárlögum 2020

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Styrkveiting	Árafjöldi
Ásdís Ósk Jóelsdóttir	Neysla, nýting og nýsköpun	1.500.000	
Blái herinn	Plasthreingasta landhelgi í heimi	2.000.000	
Blái herinn	Ráðstefna Lets Do It World í Tallinn Eistlandi	100.000	
Eldvötn	Afmælistálfing Eldvatna í tilefni 10 ára starfsafmælis	500.000	
Ferðafélag Fljótsdalshéraðs	Ævintýra- og náttúruferðir fjölskyldunnar	600.000	
Ferðafélag Íslands	Umhverfismerkingar fyrir göngufólk	3.000.000	3 ár
Ferðaklúbburinn 4x4	Landbætur og aukid öryggi ferðamanna á hálendi Íslands	650.000	
Fuglaverndarfélag Íslands	Fuglafriðland í Flóa	610.000	
Fuglaverndarfélag Íslands	Fjáröflunarfundur BirdLife	150.000	
Fuglaverndarfélag Íslands	Evrópufundur BirdLife	200.000	
Garðyrkjufélag Íslands	Aukin þátttaka almennings í garðrækt, umhverfisvernd og endurvinnslu	1.500.000	
Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs	LAND-NÁM; uppgræðsluverkefni GFF með skólaæskunni	6.000.000	3 ár
Grænni byggð	Grænni rekstur fjölbýlishúsa — kynningar fyrir húsfélög	500.000	
Heimir Freyr Hlöðversson	„Fuglalíf“ Heimildarmynd um Jóhann Óla Hilmarsson	1.500.000	
Hið íslenska náttúrufræðifélag	Efni Náttúrufræðingsins gert aðgengilegt á vef	1.000.000	
Hjólafærni á Íslandi	Hjóla- og gönguvika í sveitarfélagi; þróunarverkefni 2020	1.000.000	
Hjólafærni á Íslandi	Bíllausi dagurinn sunnudaginn 20. september 2020	2.000.000	
Kirkjubæjarstofa	Vörður — Fornar ferðaleiðir í Skaftárhreppi, 2. áfangi	1.000.000	
Kvenfélagasamband Íslands	Norrænt þing Kvenfélagasambanda NKF	500.000	
Kvenfélagasamband Íslands	Vitundarvakning um fatasóun	1.500.000	
Landssamband eldri borgara	Umbúðalausir eldri borgarar — myndbönd um umhverfismál ætluð eldri borgurum	3.000.000	

Verkefnastykir af fjárlögum 2020


Styrkþegi	Heiti verkefnis	Styrkveiting	Árafjöldi
Landvernd	Loftslagsvernd í verki	12.000.000	3 ár
Landvernd	Náttúruvernd í Hálandisþjóðgarði — fundaröð	1.000.000	
Landvernd	Ferð á heimsþing IUCN	450.000	
Landvernd	Græðum Ísland — CARE — landgræðsluverkefni	2.000.000	
Landvernd	Vistheimt með skólum	5.000.000	2 ár
LISA samtök	Erlent samstarf — þátttaka í fundum	250.000	
LISA samtök	Upplýsingagátt um landupplýsingar, aðgengi að fræðsluefni um landupplýsingar	320.000	
LISA samtök	Kynning á skipulagi og aðgerðum á sviði landupplýsinga á Norðurlöndum	500.000	
Náttúruverndarsamtök Austurlands	Engin veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur — afmælissýning	1.000.000	
Náttúruverndarsamtök Íslands	Alþjóðlegður samningur um verndun líffræðilegs fjölbreytileika sjávar — ferðastyrkur	300.000	
Náttúruverndarsamtök Íslands	Ferð vegna 26. fundar aðildarríkja Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna	450.000	
Plastlaus september	Plastlaus september	4.000.000	
Sigrún Helgadóttir	Flokkun og skráning ljósmynda Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings	4.500.000	2 ár
Sjónfilm ehf.	Í ríki Vatnajökuls — 10 sjónvarpsþættir um jökla og loftslagsmál	2.000.000	
Skotveiðifélag Íslands	Ráðstefna vegna 25 ára afmælis veiðikortakerfisins	750.000	
Skotveiðifélag Íslands	Útfösun á plasti í forhlöðum haglaskota	500.000	
Skógræktarfélag Akraness	Trjárækt og stígar í votlendi	400.000	
Skógræktarfélag Borgarfjarðar	Loftslagsskógar	500.000	
Skógræktarfélag Íslands	Opinn skógur í Álfholtsskógi	500.000	
Skógræktarfélag Íslands	Fundur European Forest Network á Íslandi	800.000	
Ungir umhverfissinnar	Framhaldsskólakynningar	650.000	
Ungir umhverfissinnar	Loftslagsverkfall — Fridays for Future Ísland	1.000.000	
		67.680.000	

Ráðstöfun styrkveitinga úr Loftslagssjóði — Kynningar- og fræðsluverkefni

Heiti verkefnis	Aðalumsækjandi	Umsótt upphæð kr.
Birtingarmyndir loftslagsbreytinga	Náttúrustofa Vestfjarða	5.000.000
Bitna loftslagsbreytingar verr á konum?	Sara McMahon	3.000.000
Earth101. Fræðsla til framtíða	Guðni Elísson	5.000.000
Endurtökuljósmyndun á íslenskum jöklum 2020	Náttúrustofa Suðausturlands ses.	2.059.828
Farandssýning um loftslagsmál í viðbótarveruleika	Gagarin	4.989.000
Flóran, fánan og loftslagið - Framtíðin okkar	Grasagarður Reykjavíkur	5.000.000
Hvað getur þú gert? - Fræðsla um umhverfis- og loftslagsmál í grunnskólum	Sævar Helgi Bragason	1.520.000
Hvíti risinn	Sjónhending ehf.	5.000.000
Jarðgerð fyrir alla	Kristjana Björk Brynjarsdóttir	4.994.400
Jöklavefsjá	Veðurstofa Íslands	5.000.000
Kort-Er	Orkusetur þjónustumiðstöð um skilvirka orkunotkun	1.200.500
Kynningarefni um losun gróðurhúsalofttegunda og skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum	UMÍS Umhverfisráðgjöf Ísl ehf.	4.999.998
Ljóð fyrir loftslagið	Pera Óperukollektíf félagasamtök	3.500.000
Loftslagsmælir Festu — hreyfiafl til þekkingar og framkvæmda	Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð	2.448.132
Milli fjalls og fjöru	Gjóra ehf.	4.050.000
Rekaviður	Nes listamiðstöð ehf.	4.845.483
Sjónvarpsþáttaröðin: Hvað getum við gert?	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	5.000.000
Um tímann og vatnið — heimildarmynd	Elsku Rut ehf.	5.000.000
Viðhorf Íslendinga til loftslagsbreytinga: Forsenda fræðslu og stefnumótunar	Sigrún Ólafsdóttir	5.000.000
Villta Ísland — loftslagsbreytingar og villt náttúra Íslands	Guðbergur Davíðsson	5.000.000
Youth for Arctic Nature	Selasetur Íslands ehf.	5.000.000
Þrjú heimili minnka kolefnissporið	Arnhildur Hálfðánardóttir	4.661.500
		92.268.841

Ráðstöfun styrkveitinga úr Loftslagssjóði — Nýsköpunarverkefni

Heiti verkefnis	Aðalumsækjandi	Umsótt upphæð kr.
Aðlögun ál-rafgreiningarkers að CCS með hermunarstuddri hönnun	Háskólinn í Reykjavík ehf.	9.990.000
Áreiðanleiki vistgerðaflokka til afmörkunar á framræstu landi	Landbúnaðarháskóli Íslands	9.975.207
Effect of seaweed supplementation to cattle feed to reduce methane emissions (SeaCH ₄ NGE-PLUS)	Matís ohf.	7.459.000
GreenBytes	Renata Stefanie Bade Barajas	9.759.990
Kolefnisbinding frá stóriðju við strendur Íslands	Raunvísindastofnun Háskólans	9.861.730
OptiWindow — Uppsetning vindmylla á sjó	YOUWIND Renewables ehf.	7.880.000
Samgöngumat við skipulagsgerð	Mannvit hf.	2.000.000
Sólarsellu- og rafbílarafhlöðuveita í Grímsey	Orkusetur þjónustumiðstöð um skilvirka orkunotkun	2.100.000
Viðarafurðir til framtíðar — varanleg kolefnisbinding íslenskra skóga	Skógræktin	6.829.700
Þróun smátækja til að mæla losun koltvísýrings úr jarðvegi: Ódýr og hentugur búnaður til að meta losun og bindingu CO ₂	Ólafur Sigmar Andrésson	6.550.000
		72.405.627



Skuldbindandi styrk- og samstarfssamningar

Styrkþegi / samningsaðili	Upphæð
Skógræktarfélag Íslands vegna Landgræðsluskóga	45.000.000
Landvernd vegna Grænfánaverkefnis	30.000.000
<i>þar af umhverfis- og auðlindaráðuneyti</i>	18.000.000
<i>þar af mennta- og menningarmálaráðuneyti</i>	12.000.000
	75.000.000




Ávinningur af
ráðstöfun fjármuna

Myndin sýnir stöðu þeirra 27 aðgerða sem voru á ábyrgð umhverfis- og auðlindaráðherra, skipt eftir málaflokkum, í fjármálaáætlun 2020-2024 og frumvarpi til fjárlaga 2020.

Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2020.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samtals
17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	● 4	4
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	● 3	3
17.30 Meðferð úrgangs	● 3	3
17.40 Varnir gegn náttúruvá	● 2 ● 1	3
17.50 Stjórnáætlun umhverfismála	● 5 ● 7 ● 2	14
Samtals aðgerðir	● 7 ● 18 ● 2	27

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið



17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

Markmið 1: Bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að viðhalda og bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða. Komið hefur verið á reglubundnu og samræmdu mati á ástandi áfangastaða sem gefur yfirsýn yfir ástandið á landsvísi. Samkvæmt niðurstöðum þess er nýting og álag á langflesta áfangastaði innan náttúruverndarsvæða eða 86% innan þolmarka. Uppbygging innviða og landvarsla eru lykilþættir til að viðhalda og bæta ástandið.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Hlutfall áfangastaða innan náttúruverndarsvæða innan þolmarka.	80%	90%	86%

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Veittir verða styrkir til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í samræmi við Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningar-sögulegum minjum.	UAR	● Landsáætlun um uppbyggingu innviða fjármagnaði 101 innviðaverkefni á árinu 2020. Til viðbótar því var nokkrum stórum göngustígaverkefnum á fríðlýstum svæðum, sem voru á áætlun ársins 2022, flýtt til ársins 2020.	2018-2024
Aukið verður við landvörslu til að bæta þjónustu á náttúruverndarsvæðum með aukinni fræðslu og stýringu ferðamanna.	UAR	● Ársverkum í landvörslu á vegum Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs fjölgaði um 7,7 á milli árána 2019 og 2020.	2019-2020
Koma á reglubundnu mati á ástandi skilgreindra áfangastaða innan náttúruverndarsvæða.	UAR, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður & Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	● Lagt var mat á ástand 146 áfangastaða innan náttúruverndarsvæða í umsjón Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum á árinu.	2018-2021

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Auka árlegt umfang uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa og nýskógræktar

Aukið hefur verið við umfang aðgerða sem miða að meiri bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og samdrætti í losun frá landi. Uppgræðsla, endurheimt vistkerfa s.s. votlendis og skógrækt hafa því aukist á síðustu árum. Skógrækt jókst um 400 ha milli árána 2019 og 2020 og uppgræðslu- og endurheimtarverkefni um tæplega 2.000 ha.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Árlegt umfang uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa.	18.500 ha	28.000 ha	20.600 ha
Árleg nýskógrækt.	1.000 ha	1.500 ha	1.600 ha
Flatarmál skóglendis.	192.000 ha	199.300 ha	194.800 ha

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Umfang nýskógræktar, uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa verður aukið.	UAR, Landgræðslan og Skógræktin	● Heildarumfang uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa þ.m.t. votlendis jókst úr 18.500 ha í 20.600 ha á árabílinu 2019-2020. Votlendi var endurheimt á 240 ha árið 2020. Nýskógrækt jókst úr 1.200 ha árið 2019 í 1.600 ha árið 2020.	2020-2023

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

Markmið 1: Efling vöktunarkerfa vegna náttúruvár með áherslu á gosbeltið

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Mælinet virkra eldstöðva standist kröfur um þéttleika og greiningarhæfni forboða.	Fyrirliggjand í áætlun um eflingu vöktunar á gosbeltinu.	Unnið samkvæmt áætlun.	Staða mælanets virkra eldstöðva er samkvæmt áætlun.
Mæli- og úrvinnslukerfi náttúruvár skili gögnum til náttúruvárefirlits í rauntíma og standist kröfur um rekstraröryggi.			Ekki að fullu komið til framkvæmda en er komið vel á veg.
Veðursjárkerfi landsþekjandi og uppfært í nýjustu veðursjártækni.			Veðursjárkerfi er ekki komið í gagnið en framkvæmd er vel á veg komin.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Hrinda í framkvæmd langtímaáætlun um eflingu vöktunarkerfa vegna náttúruvár.	UAR og Veðurstofa Íslands	<p>● Unnið samkvæmt áætlun og verkþættir vel á veg komnir.</p> <p>Bætt hefur verið í mælikerfi við Grímsvötn og á Reykjanesi.</p> <p>Styrking netkerfisinnviða innan upplýsingatækni til að bæta rekstraröryggi mæli- og úrvinnslukerfa.</p> <p>Styrking kjarnakerfa innan upplýsingatækni til að bæta rekstraröryggi kjarnainnviða.</p> <p>Styrking hugbúnaðarkerfa innan upplýsingatækni til að bæta vöktun náttúruvár.</p>	2020-2024

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Staða áætlunar.	Gerð áætlunar ekki hafin.	Áætlun liggur fyrir.	Áætlun er vel á veg komin.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Móta áætlun um rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga m.a. á grundvelli tillagna Veðurstofu Íslands.	UAR og Veðurstofa Íslands	●	2019-2020
Framkvæmd vöktunaráætlunar fyrir náttúruverndarsvæði sem eru undir álagi af völdum ferðamanna.	UAR og Náttúrufræðistofnun Íslands	● Innleiðing vöktunar hafin	2020-2024

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

17.30 Meðferð úrgangs

Markmið 1: Auka endurvinnslu heimilisúrgangs

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Hlutfall heimilisúrgangs sem er enduruninn.	28%. (árið 2017: 26%)	35%	Liggur ekki fyrir (árið 2019: 27%).

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Framkvæmd aðgerða á grundvelli „Almennrar stefnu um meðhöndlun úrgangs 2019-2030“.	UAR	● Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 tilbúin og verða kynnt í samráðsgátt Stjórnarráðsins í janúar 2021. Gert ráð fyrir að stefnan verði gefin út í júní 2021.	2019-2024
Framkvæmd aðgerðaáætlunar um plast.	UAR	● Ný aðgerðaáætlun í plastefnum var gefin út í september.	2019-2023
Framkvæmd úrgangsfornastefnunnar „Saman gegn sóun 2016– 2027“.	UAR	● Nokkrar aðgerðir hafa verið settar í framkvæmd.	2019-2023

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

17.40 Varnir gegn náttúruvá

Markmið 1: Ljúka þremur verkframkvæmdum fyrir árslok 2024

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Fjöldi ólokinnna verkefna.	20 af 47	20 af 47	20 af 47

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Ljúka við framkvæmd í Urðarbotnum.	UAR	● Framkvæmdir langt komnar og gert ráð fyrir að þær klárast á árinu 2021.	2019-2021
Ljúka við fyrirhugaða framkvæmd nr. 2.	UAR	● Framkvæmdir hófust á Eskifirði og gert ráð fyrir að þær klárast 2022.	2019-2023
Ljúka við fyrirhugaða framkvæmd nr. 3	UAR	● Framkvæmdir hófust á Patreksfirði og gert ráð fyrir að þær klárast 2023.	2022-2024

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

Markmið 1: Að unnið verði að öllum aðgerðum aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.

Árið 2020 var aðgerðaáætlun í loftslagsmálum uppfærð frá árinu 2018 með 15 nýjum aðgerðum. Aðgerðirnar 48 ná til alls samfélagsins. Unnið er að þeim öllum en þær eru mislangt á veg komnar og nokkrar enn í mótun, má þar nefna aðgerðir er varða þungaflutninga og orkuskipti í sjávarútvegi.

Auknum fjármunum hefur verið varið til málaflokksins sem endurspeglast m.a. í styrkjum til innviða.

Mælikvarðar	Staða 2018	Víðmið 2020	Staða 2020
Fjöldi aðgerða í vinnslu.	0 af 34	28 af 34	48 af 48

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Unninn verði vegvísir að kolefnishlutleysi Íslands 2040.	UAR	● Vinna hafin við gerð vegvísir um kolefnishlutleysi. Vinna hafin við frumvarp um lögfestingu kolefnishlutleysi.	2018-2020
Gerð og innleiðing áætlunar um samdrátt í losun frá landi og aukna kolefnisbindingu.	UAR	● Unnið er eftir umbótaáætlun fyrir losunarbókhald Íslands hvað varðar landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt sem miðar að því að Ísland uppfylli kröfur ESB fyrir árslok 2023.	2019-2023
Stofnun Loftslagssjóðs og úthlutun styrkja úr honum.	UAR	● Fyrsta úthlutun úr Loftslagssjóði fór fram árið 2020.	2019-2023
Sértækar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.	UAR	● Í Aðgerðaáætlun sem út kom í júní 2020 eru settar fram 48 aðgerðir og voru þær allar komnar til framkvæmda í árslok. Stöðuskýrsla, þar sem fjallað verður um allar aðgerðirnar og framgang þeirra verður gefin út árið 2021.	2019-2024
Samstarf við bændur um loftslagsvænni landbúnað.	UAR	● Unnið var með 13 bændum á árinu 2020 og í lok árs var auglýst eftir 15 nýjum þátttakendum.	2019-2024

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Að efla náttúruvernd með friðlýsingu náttúruverndarsvæða

Undanfarin þrjú ár hefur staðið yfir áttak í að friðlýsa svæði í íslenskri náttúru. Í árslok 2020 hafa 12 svæði verið friðlýst. Auk þess hefur verið unnið að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Fjöldi friðlýstra svæða.	114	>145	122

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Áttak í friðlýsingum.	UAR	● Í árslok 2020 hafa 12 svæði verið friðlýst, meðal annars Geysir á Suðurlandi, Goðafoss á Norðurlandi, Búrfell og Búrfellsgjá á höfuðborgarsvæðinu og Kerlingarfjöll á miðhálandinu. Nokkur svæði hafa einnig verið friðlýst gegn orkuvinnslu í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, þar á meðal jarðhitasvæði Brennisteinsfjalla á Reykjanesi og Gjástykkis á Norðurlandi. Mörg önnur svæði eru í friðlýsingarferli og gert er ráð fyrir að friðlýsingu þeirra ljúki á árinu 2021.	2018-2020
Stofnun og uppbygging miðhálandisþjóðgarðs.	UAR	● Frumvarp um Hálandisþjóðgarð var lagt fram á Alþingi í desember 2020.	2020-2023
Greining á ávinningi friðlýstra svæða fyrir nærsamfélög og samstarfi við landeigendur í náttúruvernd.	UAR	● Hagfræðistofnun hefur unnið tvær skýrslur að beiðni ráðuneytisins um ávinningi friðlýstra svæða á Íslandi. Annars vegar voru greind hagræn áhrif friðlýstra svæða og hins vegar var unnið að greiningu á samfélagslegum áhrifum þjóðgarða á Íslandi. Þá hefur verkefnið Landbúnaður og náttúruvernd verið í þróun í samstarfi við landeigendur. Verkefnið er leitt af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem m.a. hefur unnið greiningar á samlegðaráhrifum landbúnaðar og náttúruverndar.	2018-2020

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 3: Að bæta viðmót, gagnsæi og skilvirkni stjórnsýslu, m.a. með aukinni rafrænni stjórnsýslu

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Hlutfall rafrænna þjónustuleiða.	Liggur ekki fyrir	50%	Liggur ekki fyrir (rafrænar þjónustuleiðir a.m.k. 53).
Fjöldi stafrænna deiliskipulaga (heildarskipulög).	0	75	0

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Innleiðing skráningarskyldu í stað starfsleyfisútgáfu vegna starfsemi á grundvelli hollustuhátta og mengunarvarna.	UAR & Umhverfisstofnun	● Stafræn kerfi til innleiðingar á skráningarskyldu hefur verið forhannað en verkefnið var sett í bið á miðju ári. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um framhald verkefnisins verði tekin á árinu 2021.	2019-2021
Innleiðing rafrænna þjónustuleiða vegna leyfisveitinga.	UAR & Umhverfisstofnun	● Kortlagning þjónustuleiða hafin.	2019-2024
Undirbúningur og innleiðing stafræns skipulags.	UAR & Skipulagsstofnun	● Unnið hefur verið að þróun stafræns aðalskipulags og gert er ráð fyrir að áformaðar vefgáttir og vefsjár liggi fyrir á árinu 2021. Jafnframt hófst undirbúningur að vinnu við þróun og smíði skipulagsgáttar, sbr. áform í frumvarpi til breytinga á skipulagslögum sem lagt var fram á Alþingi í nóvember 2020.	2019-2025

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Framkvæmd aðgerðaáætlunar í kjölfar 2. landskýrslu Íslands um innleiðingu Árósasamningsins.	UAR	● Framkvæmd allra aðgerða er hafin og nokkrum aðgerðum þegar lokið.	2018-2022
Strandsvæðaskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði.	UAR og Skipulagsstofnun	● Forsendugreining vegna vinnslu strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum var vel á veg komin. Gert er ráð fyrir að strandsvæðaskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði liggja fyrir árið 2022.	2018-2022
Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.	UAR	● Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum á lokametrum og stefnt að kynningu á frumvarpi í samráðsgátt í janúar 2021. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi í febrúar 2021.	2019-2021

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Framvinda í kynja- og jafnréttismálum



Þróun síðastliðinna ára og vinna í kringum jafnréttismál, Heims-markmiðin og velsældarmælikvarðana hefur dregið fram hversu nátengd umhverfismál og jafnréttismál eru. Þessi áhersla birtist meðal annars í loftslagsmálum og var viðfangsefni í Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem kom út í júní 2020. Aðgerðaáætlunin leggur áherslu á réttlát umskipti og mikilvægi þess að aðgerðir í loftslagsmálum miði samhliða að auknu jafnrétti og jöfnuði og verði ekki til þess að auka á misrétti. Á árinu 2020 hófst rýni á Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum með tilliti til kostnaðar- og ábatagreiningar og félagslegs réttlætis aðgerða og gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki með haustinu. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur umsjón með greiningunum.

Í tengslum við úrgangsmál og endurvinnslu var fjallað um helstu kynja- og jafnréttissjónarmið í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Frumvarpið snýr að því að draga úr áhrifum af notkun plasts á umhverfið og heilsu fólks, stuðningi við hringrásarhagkerfið og notkun endurnotan-

legra vara. Ein þeirra vörutegunda sem frumvarpið tók til eru tíðavörur. Lagt var til að kostnaður vegna eftirlits, m.a. á tíðavörum yrði greiddur úr ríkissjóði, þannig myndi eftirlit ekki leiða til hækkunar á vöruverði fyrir neytendur.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum 2020-2023 er verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins kyn og neysla. Verkefninu er ætlað að varpa ljósi á neyslumynstur í tengslum við textíl, framleiðslu og endurvinnslu textíls og tengsl þessa við jafnrétti. Verkefnið var unnið af Umhverfisstofnun og verður tekið mið af niðurstöðum þess m.a. í stefnumótun á vegum ráðuneytisins.

Á vegum stýrihóps umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hefur verið hafist handa við verkefni sem snýr að kortlagningu kynjaáhrifa í umhverfismálum og að ná utan um þau gögn sem nú þegar eru til, auk þess sem upp á vantar. Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2021 og með því verði hægt að samþætta kynja og jafnréttissjónarmið frekar inn í stefnumótun og áætlanagerð í ráðuneytinu og stofnunum þess.



Uppgjör Covid-viðbragða

Á árinu 2020 var um tveimur milljörðum króna varið í sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar til verkefna sem eru á ábyrgðasviði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Aðgerðir á málefnasviði umhverfismála á árinu 2020 vegna heimsfaraldurs

Heildarfjárhæð hvers aðgerðarpakka



Orkuskipti í samgöngum og áttak í bindingu kolefnis

500.000.000

- Orkuskipti í höfnum
- Orkuskipti í ferðaskálum
- Bílaleigur — úttekt
- Eldsneytisframleiðsla og þungaflutningar
- Kolefnisbinding



Uppbygging göngustíga innan friðlanda

315.000.000

- Dyrhólaey, Friðland að Fjallabaki (Rauðufossar og Laugahringur) og Gjáin í Þjórsárdal
- Þingvellir — Þinghelgi








Aðstaða á vegum þjóðgarða

350.000.000

- Skaftafell, Hrollaugsstaðir og Hrauneyjar
- Hótel Gígur/Skútustaðaskóli — aðstaða stofnana í Mývatnssveit
- Jökulsárlón — bílastæði

Heildarfjárhæð hvers aðgerðarpakka

	Fráveitumál – uppbygging hjá sveitarfélögum	200.000.000
	Loftslagssjóður – styrking	50.000.000
	Ofanflóðavarnir – flýting framkvæmda	350.000.000
	Varnir gegn landbroti – styrking	75.000.000
	Fjárfesting vegna stjórnunar og samhæfingar innviða – Innviðir 2020	192.000.000

- Veðurstofa Íslands - margvísleg innviðauppbygging

- Skipulagsstofnun og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála – styrking stjórnsýslu

2.032 milljónir króna

